

## MENNING

## Listahátíð í Reykjavík | Ambra – Steypireyður gengur á land

**Ambra** Steypireyðurin er stærsta dýr jarðar. Eina slíka bar að landi á Jan Mayen fyrir fáeinum árum, til þess eins að deyja, rétt hjá vinnustöð vísindamanna á eyinni. Hvað vissi hún um framtíð sína? Norska danshöfundinn Ínu Christel Johannessen dreyndi um hval til að nota sem sviðsmynd í verki sem flokkurinn hennar í Noregi, Carte Blanche og Íslenski dansflokkurinn myndu dansa saman á Listahátíð. Steypireyðurin góða var á lausu, og er komin til Íslands og upp á svið Borgarleikhússins, þar sem hún verður sviðsmynd á frumsýningu í kvöld kl. 20. Í viðtali við Morgunblaðið í apríl, talaði Ína Christel af lotningu um hvalinn og örlög hans, og sagði meðal annars: „Steypireyðurin minnir okkur á það hversu smá við erum og brothætt og hvað við erum í raun lík skepnunni. Það að hvalurinn skyldi hafa strandað finnst mér táknrænt fyrir mannskepnuna sem glatar vitundinni um það hver hún er. Við vitum hver við erum og hvert við ætlum, en einhvers staðar á leiðinni villumst við og lendum í ógöngum og týnumst.“ Tónlistina í verkinu semja Kira Kira, Hildur Ingveldar- og Guðnadóttir og Dirk Desselhaus. Sýningar verða einnig í Borgarleikhúsinu á morgun og á sunnudag.



# Mikilfengleiki hins manngerða

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir / Listahátíð í Reykjavík  
Draumar um ægifegurð í íslenskrum samfélagslist

★★★★☆  
Opíó alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 31. ágúst. Aðgangur ókeypis.

SÝNINGIN *Draumar um ægifegurð í íslenskrum samfélagslist*, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum – Listasafni Reykjavíkur, er tilraun til að skoða birtingarmynd „hins háleita“ (sublime) í listum samtímans og til þess hefur sýningarstjórnin Ása Sigurjónsdóttir valið úrval listaverka eftir 16 listamenn.

„Hið háleita“ eða „sublime“ er í stuttu máli upplifun á einhverju mikilfenglegu fyrirbæri sem manneskja höndlar ekki í formi eða orði og upplifir þá smáð sína. Þetta er á margan hátt frelsandi upplifun, kallar fram lotningu og auðmýkt innra með manni en er að sama skapi ógurleg. Þýska skáldið Reiner Maria Rilke kallaði hana „ógnina í hjarta fegurðar“ og af því má draga orðið „ægifegurð“.

Myndlistin á sýningunni hefur það hlutverk, utan þess að vera vettvangur fyrir upplifun, að vera til vitnis um stöðu „hins háleita“ í dag. Og sem slík er hún tilefni til umræðu og greiningar, en ekki svar eða niðurstaða. Greiningin fer að hluta fram í texta í sýningarskrá þar sem þær Emily Brady og Sigríður Þorgeirsdóttir spá í hugtakið út frá heimspekinni. Hún heldur síðan áfram hjá okkur sem sækjum sýninguna heim, upplifum og ræðum um hana.

Birtingarmynd „hins háleita“ hefur tekið margskonar breytingum síðan Caspar David Friedrich málaði vegfaranda stóra út á ólgandi haf eða Þórarinn B. Þorláksson málaði víðáttumiklar sólarlagsmyndir í sínum alkunna bláma. Hugtakið hefur vissulega tengst náttúrumyndum gegnum tíðina, að undanskilinni abstraktbylgju litafæmismálverksins um miðja síðustu öld, en undanfarin ár hefur birtingarmynd „hins háleita“ þróast í átt til mikilfengleika hins manngerða sem að mörgu leyti horfir framhjá náttúruupplifuninni og upphæfur ógurleika mannsins sjálfs.

Ljósmyndaverk Hrafnkels Sigurðssonar af ruslahaug sem hlyur sjóndeildarhring er gott dæmi um slíkt. En víða í heiminum má




Morgunblaðið/Einar Falur

**Igildi skógar** Blá færsla eftir Kristján Guðmundsson.

finna fjallgarða af rusli sem yfirtaka náttúruna. Ljósmyndir Péturs Thomsen af framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun eru annað dæmi og sýnir hvernig manneskjan raskar náttúrunni eftir sínu höfði, en stíflugerð af þessari stærðargráðu er óneitanlega mikilfenglegt fyrirbæri, hvort sem manni líkar hún eða ekki. Annars konar dæmi eru pappírskúllur Kristjáns Guðmundssonar sem eru igildi skógarlands sem hefur verið jafnað við jörðu og jafnvel myndröð Ólafs Elíassonar af Jöklu vísar til iðnaðar ekki síður en náttúruámyndar.

Sýningin *Draumar um ægifegurð í íslenskrum samfélagslist* miðast ekki endilega við að varpa ljósi á þessa þróun „hins háleita“. Hún gengur mun heldur út frá náttúruromantík um „Hvergilandið“, enda var sýningin áður hluti af íslenskrum menningarhátíð í Brussel og ber þess lauslega merki. Þetta er á margan hátt smart sýning, hómorísk og framkvæmdin metnaðarfull, en grefur ekki djúpt. Er þannig séð ágætis sumarsýning með mörgum þröðulegum listaverkum sem hverfa í skugga hvert annars. Engu að síður drepa flest listaverkin á mikilfengleika hins manngerða, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Slíkt er einfaldlega tíðarandinn og ekki hjá því komist að horfast í augu við hann þegar listin er annars vegar. Því listin lýgur aldrei um tíðarandann.

Jón B.K. Ransu



Morgunblaðið/Einar Falur

**Ál I hate Nature / Aluminati** eftir Martha Schwartz við Kjarvalsstaði

## Í sæng með óvininum

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir / Listahátíð í Reykjavík  
Martha Schwartz  
★★★★☆

Opíó alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 20. júlí. Aðgangur ókeypis.

Ég hata náttúruna / Aluminati er titill sýningar Mörthu Schwartz í garðinum utan Kjarvalsstaða – Listasafns Reykjavíkur, og er samhlíða sýningunni *Draumar um ægifegurð í íslenskrum samfélagslist*. Schwartz er á meðal kunnustu landslagsarkitekta samtímans og hefur títt rótað í staðalmyndum fagsins, ekki síst vegna finnar línu á milli fagurlista og hönnunar sem hún fer yfir og má þá allt eins segja að hún róti líka í staðalmyndum myndlistarinnar.

Verk Schwartz upphefja mikilfengleika hins manngerða ekki ólíkt og t.d. verk Ólafs Elíassonar, Töru Donovanar o.fl. gera. Þ.e. að gera efni og tækni sýnilegt og sveipa „hinu háleita“ allri dulúð.

Verkið *Ég hata náttúruna / Aluminati* er stór svartmálaður kubbur sem stendur stálpaður í garði Kjar-

Jón B. K. Ransu

## Allur skalinn

## TÓNLIST

Hafnarhúsið

Listahátíðartónleikar★★★★☆

Verk eftir Úlfar Haraldsson, Atla Heimi Sveinsson, Pál Ívan Pálsson, Helmut Zapf og Jeremy Woodruff. Milliverk 01-04 eftir Egil Sæbjörnsson. Percusemble berlin (Martin Krause, Bernd Vogel, Sanja Fister og Hjörleifur Jónsson). Freyja Gunnlaugsdóttir klarínnett/bassaki. Listrænn stjórnandi: Hjörleifur Jónsson. Mánudaginn 19. maí kl. 20.

FYRIRSÖGN fyrstu tónleikanna af fáum á þessari Listahátíð, þar sem meginþemað jú er myndlist, var *Eyjastökk* eða *Inselhopping* á þýzku-ensku tvímáli. Hún kom þó ekki í veg fyrir furðugóða aðsókn; satt bezt að segja betri en maður bjóst við um ný slagverksverk.

Eftir ofangetna höfunda birtust í sömu röð jafnmörk verk. Inn á milli fjögur kvikmyndar-, intermezzo“ Egils Sæbjörnssonar við undirleik er vöktu kátinu fyrir spaugilegt hugvit; m.a. með tilvitnun í körfubolta, kleinuhringsspyrnu og flugnaveiði. Veitti raunar ekki af að létta hlustendum brýn í jafnaðgöngulegri framúrstefnusérgrein, er oft þarf á frískandi sjálfhæðni að halda.

*Passage* [12'] eftir Úlfar Haraldsson var að mestu áferðarfalllegt ævintýraglængi-gló með frásögulegum kvikmyndablæ. Skemmtilegasta verk kvöldsins var þó óeðf að þrjúþætt *Schlagermusik* Atla Heimis. Það kom víða við og gætti, sitthvorumegin við líðandi legatómíðþáttinn, aukaáhrifa frá sölu og síðast kostulegum frumskógarragtime er kom öllum í gott skap. Blés hér með glæsittílfurum á klarínnett Freyja Gunnlaugsdóttir er átti eftir að sýna brílljanta nútímavirtúósatakta í verki Zapfs.

*Fossgerði* Páls Ívans lét berlínska ferkykið spila á bongó niðri á gólfi eftir „lifandi nútím“ ef svo má segja. Hver sinni sinni súlu af hrynjandi loftbólum á tjaldi með mismunandi hraða – eða styrk þegar bolar stækkuðu eða minnkuðu – og ofbæud verkið engum enda stutt [5'] við hæfi. *On The Hop* eftir Helmut Zapf átti marga áhrifamikla spretti og hefði hæglega getað borið af restinni þökk sé ekki sízt mikilli fjölbreytni í áferð. En því miður kunnir það sér ekki magamál [23'] og glutraði að sama skapi niður athygli hlustandans áður en yfir lauk.

Það myndaði skiljanlega varla bezta aðdraganda að lokaverkinu, *Phase Velocity Construction* [11'] Jeremys Woodruff, og mátti raunar furða sig á þeirri dag-skrársetningu – hafi menn ekki óttast að hlustendur gengju annars út úr miðjum konsert. Alltjett minnst ég varla að hafa heyrt jafnleiðinlegt nútímaverk – hjakkandi þriggja magnýla hávaðasílylu er skildi fátt eftir, nema þá helzt ergelsi eftir að eiga ekki tiltæka eyrnatappa.

Má því segja að allur gæðaskali tónverka hafi verið á boðstólum. Um flutninginn gegndi hins vegar öðru máli; hann var til fyrirmyndar sprækur og nákvæmur.

Ríkarður Ö. Pálsson